



## **Fundargerð**

Fundur í stýrihóp um byggingu slökkvistöðvar í Flatey.

Fundarstaður: Rafrænn fundur haldinn á Teams, mánudaginn 21. september 2020, kl. 16:30.

Mætt:

Ingimar Ingimarsson, Heimir Sigurðsson, Jóhanna Ösp Einarasdóttir og Þorvarður Björgvinsson

## **Dagskrá:**

### **Mál til afgreiðslu:**

#### **1. 1805012 - Slökkvistöð í Flatey.**

Flateyjarveitur leggja fram kostnaðaráætlun varðandi kostnað á byggingu slökkvistöðvar í Flatey. Rætt um sviðsmyndir sem eru mögulegar til að koma upp aðstöðu fyrir slökkvistöð.

Sviðsmyndir lagðar fram á minnisblaði.

Rætt um hvað er hægt að gera til bráðabirgða, skoða möguleika á því að fá að geyma tækin inni í vetur og athuga þá hvort að hægt sé að fá að geyma þau í frystihúsinu.

Samþykkt að II og JÖE kynni stöðu mála fyrir sveitarstjórn á sveitarstjórnarfundi 8. október. Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 12. október kl. 16:30.

**Önnur má (ef einhver):** Löglega upp borin.

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17:30**

_____	_____
_____	_____
_____	_____